

**Fundargerð ársþings Tennissambands Íslands
haldið að Engjateigi 6 þann 25.04.26 kl. 13:00**

Kjörgengi á fundinum var þannig skv yfirferð kjörnefndar:

UMSK: Gunnar Þór Finnbjörnsson

Soumia Georgsdóttir

Atli Þorbjörnsson

Sindri Snær Svanbergsson

Diana Ivancheva

Jónas Páll Björnsson

Kári Pálsson

ÍBR: Magnús Ragnarsson

Kristín Dana Husted

Carola Frank

Sigríður Sigurðardóttir

Freyr Pálsson

Lóa Magnúsdóttir

Kjartan Geirsson

Bjarni J. Þórðarson

Raj k. Bonifacius

ÍBH: Andri Jónsson

Formaður, Magnús Ragnarsson setti fundinn, bauð fólk velkomið og stakk uppá Hafsteini Pálssyni sem fundarstjóra og Andra Jónssyni sem fundarritara. Allir samþykkir og starfsmenn tóku við stjórn fundar.

Fundarstjóri óskaði eftir tillögum að skipan kjörbréfanefndar. Raj Bonifacius, Sigríður Sigurðardóttir og Bjarni J. Þórðarson voru kosin einróma.

Formaður flutti skýrslu stjórnar sem fylgir hér í heild sinni:

„Ný stjórn hélt reglulega fundi allt árið. Verkaskipting stjórnar var þessi: Gunnar Þór Finnbjörnsson - Varaformaður, Kristín Dana Husted - gjaldkeri, Andri Jónsson ritari og Soumia I. Georgsdóttir - meðstjórnandi.

Eitt af fyrstu verkum stjórnar var að boða fulltrúa allra tennisfélaganna til kvöldverðar, skrafs og ráðagerða. Þetta var þriðja árið í röð sem slíkur fundur var haldinn og var ákveðið að formenn tækju að sér tvö verkefni. Í fyrsta lagi að skipuleggja afreksstarf unglunga og í öðru lagi að búa til reglur um flutning milli félaga. Þessari vinnu er ekki lokið.

Talandi um tennisfélög þá hafa nýir formenn tekið við hjá þremur félögum síðan á síðasta tennisþingi. Herbert McKenzie hjá Þrótti, Sigríður Sigurðardóttir hjá Fjölni og Kári Pálsson hjá Tennisfélagi Garðabæjar

Mikið aðhald var á kostnaði á árinu enda lækkaði óvænt stuðningur ITF við bæði Davis Cup og Billy Jean King Cup um helming en aðrir tekjuliður stóðu nánast í stað. A móti kom að

fallið var frá þátttöku í Nordic Open sem hafði verið á áætlun þannig að rekstarniðurstaða er ásættanleg.

Mikil vinna var lögð í endurskoðun laga TSÍ. Margt kom til. Lögin voru að mörgu leyti úreld, rímuðu illa við lög ÍSÍ og kölluðu á óþarfa mannafla og verkefni sem vel má spara. Ný lög verða lögð fram til umræðu og vonandi samþykktar hér á eftir en munu ekki taka gildi fyrr en þau eru staðfest hér og einnig af framkvæmdastjórn ÍSÍ.

Nokkrar breytingar hafa orðið á rekstri landsliða okkar frá síðasta Tennisþingi. Árið 2025 störfuðu Raj Bonifacius og Anton Magnússon hlið við hlið með sitthvort liðið en um síðustu áramót tók Raj við þjálfun beggja liðanna. Á sama tíma var fyrirkomulagi starfsins breytt til að lækka kostnað. Við þökkum bæði Raj og Antoni fyrir frábært framlag þeirra á síðasta ári.

Árshátíð Tennissambands Íslands var haldin á Sólon laugardaginn 5. apríl og heppnaðist afar vel. Uppselt var á viðburðinn og sama á við í ár. Það er mat stjórnar að þetta sé mikilvægur þáttur í starfi sambandsins og fer vel á að hafa hana að kvöldi Tennisþings.

Ég vil þakka forystu og starfsfólki ÍSÍ fyrir góða vinnu gagnvart Tennissambandinu og gagnvart íþróttahreyfingunni almennt. Þar er vandað fólk í hverri stöðu og enginn skortur á vilja til að aðstoða við hverskyns verkefni.

Skoðunarmenn reikninga, nefndarmenn og allir aðrir sjálfboðaliðar sem leggja Tennissambandinu lið eiga miklar þakkar skilið fyrir sítt framlag.

Ég vil að lokum þakka samstarfsfólki mínu í stjórn TSÍ fyrir óeigingjarnt starf í þágu sambandsins.“

Að lokinn skýrslu stjórnar sýndi gjaldkeri, Kristín Dana Husted, skoðaðan reikning ársins 2025. Spurningar um tekjuhlið reiknings komu frá Sigríði Sigurðardóttur, hvaðan styrkir og tekjur berast. Kristín og Magnús svöruðu. Hafsteinn útskýrði aukningu á afreksstyrk frá ríkissjóði Íslands. Að því loknu voru reikningar bornir upp og samþykktir samhljóða.

Forseti ÍSÍ, Willum Þór Þórsson ávarpaði þingið. Forseti þakkaði fundarmönnum fyrir framlag til tennis á Íslandi og allt það starf sem unnið er daglega fyrir íþróttahreyfingu landsins.

Kristín Dana gerði grein fyrir fjárhagsáætlun 2026. Umræður góðar og beint að barna og unglíngastarfi. Hvernig getur TSÍ og félögin hjálpast að til að gera betur í grasrótinni? Áætlun samþykkt samhljóma.

Kaffihlé

Stjórn lagði fram tillögu að endurskoðuðum lögum Tennissambandsins og talaði formaður fyrir breytingunum. Að því loknu fór fundarstjóri yfir nýju lögin lið fyrir lið og bauð uppá umræður og spurningar. Lögin voru að lokum borin upp í heild sinni til samþykktar og voru samþykkt einróma. Næsta ársþing verður 2027 og samkvæmt nýjum lögum verður það annað hvert ár frá og með 2027.

Engar aðrar tillögur eða óskir um umræður höfðu borist með með formlegum hætti til stjórnar TSÍ.

Önnur mál. Lagt var til að formenn félaga hittast og tækju umræðu um afreksstarf barna og unglinga í samræmi við stefnu TSÍ. Formaður svaraði því til að þetta verkefni væri í fóstri hjá formönnum tennisfélaganna síðan í maí 2025 en enn væri beðið eftir tillögum sem öll félög gætu sætt sig við.

Jónas Páll Björnsson lagði til að TSÍ héldi árlegan fund með stjórn og þjálfurum allra félaganna, svipaðan í sniði og formannafundir á vegum sambandsins. Hugsanlega með formönnum félaganna (þeim er einnig boðið). Formaður lagði til að yfirþjálfurum yrði boðið með á næsta formannafund til að leysa fyrirkomulag unglिंगastarfsins og framhaldið yrði síðan ákveðið í kjölfarið. Tillaga samþykkt.

Andi Jónsson fór yfir stöðu Padel á Íslandi. Unnið er að stofnun sérsambands en sú vegferð tekur tíma. Ólíklegt er að padel verði fósrað innan TSÍ.

Carola Frank spyr varðandi þjóðerni leikmanna sem eru búsett á Íslandi og hvernig reglur eru varðandi landsliðsverkefna og annað. Raj svaraði þessu. Annað mál sem einnig verður rætt á næsta formannafundi.

Sindri Snær Svanbergsson benti fundarmönnum á að athuga almannaheillaskrá fyrir öll tennisfélög landsins. Slík skráning er forsenda þess að stuðningu einkaaðila við íþróttina sé frádráttarbær frá skatti. Málið verður rætt á næsta formannafundi. Fundarstjóri benti á að auðvelt væri að leita til ÍSÍ um upplýsingar og aðstoð.

Kosningar voru næstar á dagskrá þar sem kosið var um formann til eins árs og 2 stjórnarmenn til þriggja ára ásamt 3 í varastjórn eitt ár. (kosning til þriggja ára var með tilbrigðum vegna lagabreytinga þar sem þing verður framvegis haldið á tveggja ára fresti).

Magnús bauð sig fram sem formann og hlaut einróma stuðning.

Kristín Dana Husted og Freyr Pálsson buðu sig fram í laus stjórnarsæti og hlutu einróma stuðning. Gunnar Finnbjörnsson steif þar með til hliðar eftir 25 ára setu í stjórn TSÍ og var honum klappað lof í lófa fyrir allt sitt framlag í gegnum tíðina. Díana Ivancheva, Lóa Bára Magnúsdóttir og Sigríður Sigurðardóttir koma inn í varastjórn í þeirri röð sem þær eru taldar upp hér.

Formaður stakk uppá Ævari Rafni Björnssyni og Pétri Erni Richter sem skoðunarmönnum reikninga og voru þeir samþykktir einum rómi.

Fundarstjóri lagði til að fundargerð verður gerð með ritara ásamt stjórn TSÍ og send til félaga rafrænt.

Fundarstjóri sleit þingi kl 14.55.